

Fundur 8.1.2024 Jakob Líndal frá Lækjarmótum.

Heilsa ég ykkur af framlífs jörð og gleður það mig að komast í sambandið.

Já velkominn.

Er hér góður mannfjöldi samankomin og orka mikil á framlífs jörð og kærleiks hugur til ykkar allra og man ég ekki til þess að hafa talað til ykkar áður, eða það er þá langt síðan það var.

Og við vorum að hlusta á samband hér rétt áðan og þar voru mælt fram orðin, að allir væru dýrmætir, og gerði það einn af fornmönnum okkar og höfum við verið að fræðast um það að æ betur hvernig hægt er að hjálpa ykkur og Íslandi hinu gamla og styðja við Guðina og Gyðjurnar í framfara sókn þeirra.

Og er mér það mikilvægt að tilkynna að ég hef aldrei vikið frá Nýals stefnunni og hef ég æfinlega fundið meiri ánægju í því að fræðast meira og bæta við mig kærleik og þekkingu.

Og fylgdumst við með því af athygli þegar kínverskur maður flutti erindi til ykkar á síðasta fundi og mælti hann ýmislegt um framvindu stefnurnar og spádóma margskonar frá heimaslóðum hans og verður það að viðurkennast að spámenn eru misgóðir þótt þeir koma frá sama landi og kemur það ekki á óvart, en höfum við sem reynum að byggja á vísindum, einnig reynt að taka mark á þeim að einhverju leiti, enda vissi ég að Helgi Pjeturss tók mark á þeim og gerir stundum enn, eins og heyra má á erindum hans og ræðum.

En hér hef ég í framlífi lagt stund á jarðfræði og lært fleiri fög, en hef ég einnig verið alþingismaður og vildi fjalla um jarðfræði við ykkur og þær hræringar sem orðið hafa á gamla Íslandi og segja má að þær séu mjög hefðbundnar og í samræmi við viðurkenndar kenningar um jarðskorpu hreyfingar og fleka skil.

Og þegar ég var ungur maður á Íslandi í minni heimasveit að gera mér grein fyrir umhverfinu og taka eftir náttúrunni, þá hafði ég við að styðjast nokkrar bækur og það sem ég lærði af öðrum, en hefur það ekki síður nýst mér á framlífs hnetti við það að rækta upp og vernda landsvæði það sem við byggjum hér og halda því í sem mestum blóma.

Og hef einnig lagt stund á búfræðinám, en lærði ég einnig fræði Einars Pálssonar og hefur hann hér í framlífi einnig haldið því fram að hámenntaðir hafi fornmennirnir verið og í samræmi við dulspeki forna og hefur það einnig komið fram þegar þeir hafa talað til okkar af framlífs jörðum sínum.

Og finnst okkur það mikilvægt að reyna að spá í framtíðina og koma með viðvaranir áður en jarðhræringar verða miklar en er það enn þá erfitt fyrir okkur og höfum við einungis komist áfram nokkur skref í þá átt, miðað við það sem við kunnum á jörðinni og ykkar vísindamenn kunna.

En það hef ég þó lært á framlífs jörð að samtakamáttur andans og samstilltra einstaklinga getur hjálpað til í þessu og einnig er margt til í þeim fornu sögum að Loki valdi einhverju af þessum náttúruhamförum.

Einnig hef ég heyrt af því sem Jahve hefur sagt, sem margir telja þann sama, um að hann vilji valda skaða á Íslandi, að sumir gera ráð fyrir því að ekki aðeins Ísland, heldur fleiri lönd kunni að ganga í gegnum breytinga tímabil.

Og því sé full ástæða fyrir Íslendinga að fara að öllu með gát og búast við bæði jarðskjálftum og eldgosum og breytingum á veðurfari í náttúrunni og veðurfari.

Hef ég notað þá þekkingu mína til að bæta við í flóru landsins, ég, fjölskyldan býr á svipuðu landsvæði og við áttum á jörðinni Lækjarbotnum og höfum mikinn áhuga á gróðurækt og upp ræktun landsins.

Ég er gamall Nýalssinni og

*Var þetta ekki smá mismæli hjá þér áðan, þú sagðir Lækjarbotnum, átti það ekki að vera Lækjarmóti ?*

Já.

*Í Húnavatnssýslu ?*

Já.

*Já mig grunaði það.*

Já, Jakob Líndal.

*Já það var sem mig heyrðist þú vera.*

*Þú ert gamall Nýalssinni.*

Já, ég hef hér lagt stund á jarðfræði og höfum hér setið marga fundi þar sem við reynum að efla lífstefnuna og koma í veg fyrir að náttúran valdi skaða, en nú er, það var ekki gott hvernig fór með Grindavík, en við vonumst til að þar geti uppbygging hafist að nýju, og nokkrar líkur til að þar verði friðsamlegt, en ekki að fullu ljóst enn þá.

Já ég vildi koma að þessu erindi, já þú hefur áttað þig á því hver ég var já.

*Já ég kveikti á því fljótlega að þú værir enn þá Nýalssinni og hefði alltaf verið.*

Já einmitt.

Þá ætla ég að kveðja og þakka fyrir og verið þið sæl.

*Við þökkum þér fyrir og takk fyrir komuna og vertu blessaður.*